

MÅGEBO

IS



Design and Quality
IKEA of Sweden



Á öftustu síðu þessarar handbókar er skrá yfir alla veitendur eftirsöluþjónustu sem útnefndir hafa verið af IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.

Efnisyfirlit

1. Öryggisupplýsingar	3	6. Tæknileg gögn	17
2. Vörulýsing	9	7. Uppsetning og rafmagnstenging	17
3. Stjórnborð	10	8. Umhverfismál	17
4. Dagleg notkun	11	9. IKEA ábyrgð	18
5. Hvað á að gera ef...	16		

1. Öryggisupplýsingar



VARÚÐARRÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR MÖGULEG ÁHRIF FRÁ STERKUM ÖRBYLGJUM

- Ekki reyna að nota ofninn opinn þar sem það getur leitt til skaðlegra áhrifa af örbylgjum. Það er mikilvægt að brjóta ekki eða fikta við öryggislæsingar.
- Ekki láta hluti á milli framhliðar ofnsins og hurðarinnar eða láta óhreinindi eða hreinsiefnaleifar safnast fyrir á hurðapéttilötum.
- VIÐVÖRUN:** Ef skemmdir hafa orðið á hurð eða hurðarþéttingu má ekki nota ofninn fyrr en til þess hæfur einstaklingur hefur gert við þær.

VIÐBÓT

Sé tækinu ekki haldið í góðu og hreinu ástandi, gæti yfirborð þess skemmst og slíkt gæti haft áhrif á endingartíma tækisins og skapað hættulegar aðstæður.

MIKILVÆGAR ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

VIÐVÖRUN

Þegar ofninn er notaður, skal fylgja helstu varúðarráðstöfunum til að draga úr hættu á eldsvoða, raflosti, meiðslum einstaklinga eða óhóflegri orku frá örbylgjuofni, þ.m.t. eftirfarandi:

- Lesið og fylgið sérstökum leiðbeiningum um: „VARÚÐARRÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HUGSANLÉGRI MIKILLI ÚTSETNINGU FYRIR ÖRBYLGJUORKU“.
- Börn 8 ára og eldri og fólk sem er hreyfihamlað, með skerta skynjun, skert andlega eða skortir reynslu og þekkingu ef það hefur fengið leiðsögn eða leiðbeiningar um örugga notkun ísskápsins og áttar sig á hættunum sem fylgja mega nota ísskápinn.


Börn mega ekki leika sér að helluborðinu. Börn skulu ekki sjá um þrif og notendaviðhald nema þau séu eldri en 8 ára og undir eftirliti. Börnum undir 8 ára aldri skal haldið frá nema þau séu undir stöðugu eftirliti.

3. Geymið tækið og snúrana þar sem börn undir 8 ára aldri ná ekki til.
4. Ef rafsnúran er skemmd þarf framleiðandi, þjónustufulltrúi eða einhverjir með hliðstæða löggildingu að skipta um hana til að forðast hættu. (Fyrir tæki með Y-tengibúnaði)
5. **VIÐVÖRUN:** Gakktu úr skugga um að slökkt sé á tækinu áður en skipt er um peru til að koma í veg fyrir mögulegt raflost.
6. **VIÐVÖRUN:** Það er hættulegt fyrir aðra en til þess hæfa einstaklinga að framkvæma þjónustu eða viðgerðir sem fela í sér að fjarlægja hlífina sem verndar fyrir örbylgjum.
7. **VIÐVÖRUN:** Vökva og önnur matvæli má ekki hita í þétt lokuðum ílátum því þau gætu sprungið.
8. Þegar þú hitar mat í plast- eða pappírsílátum skaltu fylgjast með ofninum vegna möguleika á íkveikju.
9. Notið aðeins áhöld sem eru ætluð fyrir örbylgjuofna.
10. Ef reykur myndast skaltu slökkva á eða aftengja tækið og hafa ofninn lokaðan til þess að kæfa eldinn.
11. Hitun drykkja í örbylgjuofni getur orsakað síðbúna sprengisúðu og því skal gæta varúðar við meðhöndlun ílátsins.
12. Innihald pela og barnamatskrukka þarf að hræra eða hrista og athuga hitastigið fyrir neyslu til að forðast að fólk brenni sig á matnum.
13. Hvorki skal hita egg í skurninni né heil harðsoðin egg í örbylgjuofni vegna þess að þau geta sprungið jafnvel eftir eldun í örbylgjuofni.
14. Hreinsið ofninn reglulega og fjarlægið allar matarleifar.
15. Vanhöld á því að halda ofninum hreinum geta valdið því að yfirborðið hrörni og það getur haft áhrif á endingu ofnsins og hugsanlega leitt til hættulegra aðstæðna.
16. Eingöngu skal nota hitamælinn sem mælt er með fyrir þennan ofn. (fyrir ofna þar sem hægt er að nota hitanema.)
17. Nota skal örbylgjuofninn með skápahurðina opna. (fyrir ofna með skápahurð.)
18. Tækið er ætlað til notkunar á heimili og við svipaðar aðstæður, svo sem:
 - í starfsmannaeldhúsum í verslunum, skrifstofum og öðru vinnuumhverfi;
 - af viðskiptavinum á hótelum, gistiheimilum og í annarskonar íbúðarhúsnæði;
 - á bóndabæjum;
 - á gistiheimilum og þess konar umhverfi.

19. Örbylgjuofninn er ætlaður til að hita mat og drykki.
Purrkun matvæla eða fatnaðar og upphitun hlífðarpúða, inniskóa, svampa, rakra klúta og þess háttar getur leitt til meiðsla, íkveikju eða eldsvoða.
20. Matar- og drykkjarílát úr málmum eru ekki leyfileg þegar matreitt er í örbylgjuofni.
21. Ekki má hreinsa tækið með gufuhreinsitæki.
22. Passið að snúningsdiskurinn færast ekki úr stað þegar ílát eru fjarlægð úr tækinu. (Fyrir föst og innbyggð tæki sem notuð eru í 900 mm hæð eða hærra frá gólfi og sem eru með lausum snúningsdiskum. En þetta á ekki við um tæki sem eru með láréttar hjarir undir hurð)
23. Ætlast er til að örbylgjuofninn sé innbyggður og hann sé notaður þannig.
24. Ekki má nota gufuhreinsara.
25. Yfirborð geymsluskúffu getur orðið heitt.
26. **VIÐVÖRUN:** Helluborðið og fletir þess verða heit við notkun. Forðast skal að snerta hitafleti.
Börnum undir 8 ára aldri skal haldið frá nema þau séu undir stöðugu eftirliti.
27. Heimilistækið verður heitt við notkun. Forðast skal að snerta hitafletina inn í ofninum.
28. **VIÐVÖRUN:** Aðgengilegir fletir þess geta hitnað við notkun. Halda skal ungum börnum í burtu.
29. Ekki má setja tækið á bak við skápahurð til þess að koma í veg fyrir ofhitnun. (Þetta á ekki við um tæki með skápahurð)
30. **VIÐVÖRUN:** Þegar heimilistækið er notað í samsettri stillingu, ættu börn aðeins að nota ofninn undir eftirliti fullorðinna vegna hitans sem myndast.
31. Ekki skal nota gróf hreinsiefni eða beittar járnsköfur til að þrifa glerið í hurðinni á ofninum þar sem það getur rispað yfirborðið og það getur leitt til þess að glerið brotni.

LESIÐ VEL OG GEYMIÐ TIL NOTKUNAR SÍÐAR.

**LESIDU VEL OG GEYMIÐ TIL
NOTKUNAR SÍÐAR.**



TIL AÐ KOMAST HJÁ MEIÐSLUM HJÁ EINSTAKLINGUM JARÐTENGING

HÆTTA

Hætta á raflosti

Ef sumir hlutir innan í tækinu eru snertir getur það valdið alvarlegum meiðslum eða dauða. Ekki má taka þetta tæki í sundur.

VIÐVÖRUN

Hætta á raflosti

Röng jarðtenging getur leitt til raflosts. Ekki setja í samband fyrr en tækið er rétt uppsett og jarðtengt. Þetta tæki skal vera jarðtengt. Ef rafmagnsskammhlaup á sér stað dregur jarðtengingin úr hættu á raflosti, en jarðtengingin er rafmagnsvír sem er undankomuleið fyrir rafstrauminn. Tækinu fylgir snúra með jarðtengdum vír og jarðtengd kló. Klóin verður að vera tengd við innstungu sem er rétt uppsett og jarðtengt.

Ráðfærðu þig við viðurkenndan rafvirkja eða þjónustufulltrúa ef leiðbeiningarnar um jarðtengingu eru ekki nægilega skiljanlegar eða ef vafi leikur á því hvort tækið sé rétt jarðtengt. Ef nauðsynlegt er að nota framlengingarsnúru skaltu aðeins nota 3 víra framlengingarsnúru.

1. Stutt straumsnúra fylgir til þess að draga úr hættu á að fólk flækist í eða detti um langa snúru.
2. Ef löng snúra eða framlengingarsnúra er notuð:
 - 1) Merkt rafmagnsmálgildi snúrunnar eða framlengingarsnúrunnar skal vera að minnsta kosti jafn mikið og rafmagnsmálgildi tækisins.
 - 2) Framlengingarsnúran verður að vera jarðtengd 3 víra snúra.

- 3) Langa snúran ætti að vera þannig að hún leggist ekki yfir afgreiðsluborð eða borðplötu þar sem börn gætu togað í hana eða dottið um hana óvart.

HREINSUN

Gakktu úr skugga um að tækið sé úr sambandi.

1. Hreinsið ofninn að innan eftir notkun með örlítið rökum klút.
2. Hreinsið fylgihluti á venjulegan máta með sápuvatni.
3. Hurð, hurðarþéttingu og nærliggjandi hluti verður að þrifa vandlega með rökum klút ef þeir eru óhreindir.
4. Ekki skal nota gróf hreinsiefni eða beittar járnsköfur til að þrifa glerið í hurðinni á ofninum þar sem það getur rispað yfirborðið og það getur leitt til þess að glerið brotni.
5. Ráðleggingar við hreinsun ★ Til að auðvelda hreinsun á innra borði ofnsins sem eldaður matur gæti komist í snertingu við: Setjið hálfu sítrónu í skál, bætið við 300 ml (1 peli) af vatni og hitið á 100% örbylgjustyrk í 10 mínútur.
Þurrkaðu ofninn með mjúkum, þurrum klút.

ÁHÖLD VARÚÐ

Hætta á líkamlegum áverkum

Það er hættulegt fyrir aðra en til þess hæfa einstaklinga að framkvæma þjónustu eða viðgerðir sem fela í sér að fjarlægja hlífina sem verndar fyrir örbylgjum.

Sjá leiðbeiningarnar á" **EFNI SEM MÁ
NOTA Í ÖRBYLGJUOFNI OG EFNI SEM
ÆTTI AÐ FORÐAST** ".

Sum áhöld gæti verið nauðsynlegt að forðast þótt þau séu ekki úr málmum því ekki er öruggt að nota þau í örbylgjuofni. Ef þú ert í vafa getur þú kannað áhaldið sem um ræðir með því að fylgja aðferðinni hér fyrir neðan.

Áhaldakönnun:

1. Fylltu ílát sem má fara í örbylgjuofn með 1 bolla af köldu vatni (250 ml) ásamt viðkomandi áhaldi.
2. Eldið á hámarksstyrk í 1 mínútu.
3. Snertu áhaldið varlega. Ef áhaldið er heitt skaltu ekki nota það til að elda í örbylgjuofni.
4. Ekki elda lengur en 1 mínútu.

ÁHÖLD SEM MÁ NOTA Í ÖRBYLGJUOFNI

ÁHÖLD	ATHUGASEMDIR
Brúningardiskur	Fylgdu leiðbeiningum framleiðanda. Botn brúningardisks verður að vera að minnsta kosti 3/16 tommur (5 mm) fyrir ofan snúningsdiskinn. Röng notkun getur valdið því að snúningsdiskurinn brotni.
Borðbúnaður	Eingöngu sem má fara í örbylgjuofn. Fylgdu leiðbeiningum framleiðanda. Notið ekki sprungna eða skörðotta diska.
Glerkrukkur	Fjarlægið alltaf lok. Notið aðeins til að hita mat þar til hann er orðinn heitur. Fæstar glerkrukkur eru hitaþolnar og geta brotnað.
Glervörur	Aðeins hitaþolnar glervörur. Gakktu úr skugga um að ekki sé nein málmhúð. Notið ekki sprungna eða skörðotta diska.
Steikingarpokar fyrir ofn	Fylgdu leiðbeiningum framleiðanda. Ekki loka með pokabandi úr málmum. Gerið rifu til að hleypa gufu út.
Pappadiskar og bollar	Notið aðeins í snögga matreiðslu/upphitun. Ekki fara frá ofni á meðan þú eldar.
Pappírspurrkur	Notið til að hylja mat sem á að hita upp og til að drekka í sig fitu. Hafid eftirlit með snöggri matreiðslu.
Bökunarpappír	Notið sem hlíf til að koma í veg fyrir að það skvettist eða til að gufusjóða.
Plast	Eingöngu sem má fara í örbylgjuofn. Fylgdu leiðbeiningum framleiðanda. Ætti að vera merkt sem „Má fara í örbylgjuofn“. Sum plastílat mýkjast þar sem maturinn í þeim verður heitur. "Suðupoka" og vel lokaða plastpoka ætti að gera rifu í, stinga í eða gera loftgöt á samkvæmt leiðbeiningum á pakkingu.
Plastfilma	Eingöngu sem má fara í örbylgjuofn. Notið til að hylja mat við matreiðslu til að halda raka. Ekki láta plastfilmu snerta mat.
Hitamælar	Hitamælar, eingöngu sem mega fara í örbylgjuofna (kjöt- og karamelluhitamælar)
Smjörpappír	Notið smjörpappír sem hlíf til að koma í veg fyrir að það skvettist og til að halda raka.

ÁHÖLD SEM ÆTTI AÐ FORÐAST AÐ NOTA Í ÖRBYLGJUOFNI

ÁHÖLD	ATHUGASEMDIR
Álbakkar	Gæti valdið ljósboga. Færið mat yfir á fat sem má fara í örbylgjuofn.
Matarkassar með málmhandfangi	Gæti valdið ljósboga. Færið mat yfir á fat sem má fara í örbylgjuofn.
Járn- eða málmkreytt áhöld	Málmur ver matinn fyrir örbylgjuorku. Málmbrún getur valdið ljósboga.
Pokaband úr málmum	Getur valdið ljósboga og einnig eldi í ofninum.
Pappírspokar	Geta valdið eldi í ofninum.
Plastsvampur	Plastsvampur getur bráðnað eða mengað vökvann inni fyrir þegar svampurinn er óvarinn
Viður	Viður þornar þegar hann er hitaður í örbylgjuofni og getur einnig klofnað eða sprungið.

2. Vörulýsing



UPPSETNING Á OFNINUM

Heiti hluta í ofninum og fylgihlutir


Fjarlægjið ofninn og allt efni úr kassanum og ofnholinu. Ofninum fylgja eftirfarandi fylgihlutum:

Glerdiskur	1x
Snúningsdiskssamstæða	1x
Leiðbeiningarbæklingur	1x
Grillrist	1x

1. Stjórnborð
2. Hnappur til að opna hurð
3. Hlíf yfir örbylgjugjafa (Ekki fjarlægja)
4. Ás fyrir snúningsdisk
5. Grind undir snúningsdisk
6. Glerdiskur
7. Skoðunargluggi
8. Hurðarsamstæða
9. Öryggislæsingar
10. Grillrist (ekki hægt að nota í örbylgjuofni og verður að setja á glerdiskinn)



Uppsetning snúningsdiskis



Leggið glerdiskinn aldrei á hvolf. Glerdiskurinn ætti aldrei að vera fastskorðaður.


Það verður alltaf að nota glerdiskinn og grindina sem er undir snúningsdisknum á meðan eldun fer fram.

Allur matur og matarilát eru alltaf sett á glerdiskinn til eldunar.









Ef það kemur sprunga í glerdiskinn eða grindina undir snúningsdisknum eða ef þau brotna, skaltu hafa samband við næsta viðurkennda þjónustuaðila.

Látið aldrei frosinn mat beint á heitan snúningsdisk.

3. Stjórnborð





LEIÐBEININGAR

-  Örbylgju.
-  Grill/sams.
-  Sjálfvirk valmynd
-  Tími affrysting
-  Þyngd affrysting
-  Tímastillir/Klukka
-  Stoppa/Hreinsa
-  Ræsa/+30 Sek/Staðfesta

4. Dagleg notkun

HURÐ OPNUÐ

Ýtið á hnappinn til að opna hurðina.




KLUKKUSTILLING

Þegar örbylgjuofninn er rafmagnaður mun LED-ljósið sýna „00:00“, hjóðmerki heyrir einu sinni.

1. Ýtið á „ Tímastillir/Klukka“ tvisvar til að velja klukkuaðgerð, klukku tíma- og mínútutölurnar munu blikka.
2. Snúið „“ til að stilla klukku tímatölurnar, innsleginn tími ætti að vera á bilinu 0--23.
3. Ýtið á „ Tímastillir/Klukka“, mínútutölurnar munu blikka.
4. Snúið „“ til að stilla mínútutölurnar, innsleginn tími ætti að vera á bilinu 0--59.
5. Ýtið á „ Tímastillir/Klukka“ til að klára uppsetningu á klukkunni. „“ blikkar og tímaljósið kviknar.

Athugasemd:


- 1) Ef klukkan er ekki stillt þá virkar hún ekki þegar kveikt er á tækinu.
- 2) Á meðan á klukkustillingu stendur, ef ekki er ýtt á „ Tímastillir/klukka“, eða það er engin önnur aðgerð að 1 mínútu liðinni, mun ofninn fara sjálfkrafa aftur í fyrri stöðu.



Tímastillir

1. Ýtið á „ Tímastillir/Klukka“ einu sinni og LED-ljósið mun sýna „00:00“.
2. Snúið „“ til að slá inn réttan tíma. (Hámarks tími tímamælis er 95 mínútur.)
3. Ýtið á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að staðfesta stillingu.

Athugasemd: Tímastillir er frábrugðinn sólarhringskerfinu. Tímastillir er tímateljari.



Matreiðsla í örbylgjuofni

1. Ýtið á „**Örbylgju**.“ LED-ljósið mun sýna „P100“.

Ýtið á „**Örbylgju**.“ endurtekið eða snúið „**Örbylgju**“ til að velja aflstigið, í boði eru „P100, P80, P50, P30, P10“.

2. Ýtið á „**Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að staðfesta.

3. Snúið „**Örbylgju**“ til að stilla eldunartímann.

4. Ýtið á „**Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að byrja að elda.

Athugið: þrepafjöldi fyrir aðlögunartíma kóðunarrofans eru sem hér segir:

0---1 mín: 5 sekúndur


1---5 mín: 10 sekúndur

5---10 mín: 30 sekúndur

10---30 mín: 1 mínúta

30---95 mín: 5 mínútur

„Micro“ leiðbeiningaskipun fyrir borð	Skjár	Kraftur örbylgjuofns
1	P100	100%
2	P80	80%
3	P50	50%
4	P30	30%
5	P10	10%



Grill eða sams. Eldun

Ýtið á „**Grill/sams**.“ einu sinni og LED-ljósið mun sýna „G-1“ og ýtið

á „**Grill/sams**.“ endurtekið eða snúið „**Grill/sams**“ til að velja kraftinn sem þú vilt og „G-1“, „C-1“, „C-2“ birtast fyrir hvert skipti sem ýtt er á.

Ýtið svo á „**Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að staðfesta og snúið

„**Grill/sams**“ til að stilla eldunartíma frá 0:05 til 95:00. Ýtið aftur á „**Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að byrja að elda.

Dæmi: Ef þú vilt nota 55% örbylgjukraft og 45% grillkraft (C-1) til að elda í 10 mínútur, geturðu stýrt ofninum í eftirfarandi þrepum.

1. Ýtið á „**Grill/sams**.“ tvisvar, skjárinn sýnir „C-1“.

2. Ýtið á „**Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að staðfesta.


3. Snúið „**Grill/sams**“ til að stilla eldunartímann.

4. Ýtið á „**Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að byrja að elda.


„Grill/sams.“ leiðbeiningaskipun fyrir borð	Skjár	Kraftur örbylgjuofns	Grillkraftur
1	G-1	0%	100%
2	C-1	55%	45%
3	C-2	36%	64%

Athugasemd: Að helmingi grilltímans liðnum gefur ofninn tvisvar frá sér hljóðmerki og þetta er eðlilegt. Til þess að hafa betri áhrif á grillun matvæla ætti að snúa matnum við, loka hurðinni og ýta svo á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að halda áfram að elda. Ef engin aðgerð er framkvæmt mun ofninn halda áfram vinnslu.

Affrysting eftir þyngd



Tímastíllt affrysting



Affrysting eftir þyngd

1. Ýtið á „ Þyngd affrysting“, og ofninn mun sýna „100 g“.
2. Snúðið á „“ til að velja þyngd matvæla frá 100 til 2000 g.
3. Ýtið á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að byrja að affrysta.


Athugasemd: Við affrystingu mun ofninn gefa tvisvar frá sér hljóðmerki til að minna þig á að snúa matnum við til að ná betri affrystingarkrafti. Ef ekkert er í gangi heldur ofninn áfram vinnslu.


Tímastíllt affrysting

1. Ýtið á „ Tími affrysting“ og ofninn mun sýna „00:00“.
2. Snúðið „“ til að velja affrystingartíma. HÁMARKSTÍMI er 95 mínútur.
3. Ýtið á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að byrja að affrysta. Affrystingarkraftur er P30 og því er ekki hægt að breyta.

Læsingaraðgerð fyrir börn

Lás: Í biðstöðu, ýtið á „ Stoppa/Hreinsa“ í 3 sekúndur, þá mun heyrast hljóðmerki sem gefur til kynna að farið sé inn í barnalæsingu. „“ mun lýsa. Núverandi tími birtist ef tíminn hefur verið stilltur, annars sýnir LED-ljósið 00:00. Aftengja læsingu: Í læstu ástandi, ýtið á „ Stoppa/Hreinsa“ í 3 sekúndur, þá heyrir „píp“ sem gefur til kynna að búið sé að aflæsa.






Fjölþrepa matreiðsla

Í mesta lagi er hægt að stilla 2 hluta fyrir matreiðslu. Í fjölþættri eldun, ef einn hluti er að affrysta, þá skal láta affrystinguna í fyrsta hlutann. Tímastillir og sjálfvirk valmynd geta ekki verið í fjölþættri eldun.


Dæmi: Ef þú vilt affrysta matinn í 5 mínútur og elda síðan með 80% örbylgjukrafti í 7 mínútur skaltu nota hann á eftirfarandi hátt:

1. Ýtið á „ Tími affrysting“ og ofninn mun sýna „00:00“.
2. Snúðið „“ til að velja affrystingartíma þar til „5:00“ birtist.
3. Ýtið á „ Örbylgju.“ einu sinni, þá sýnir skjárin „P100“.
Ýtið á „ Örbylgju.“ endurtekið eða snúðið „“ til að velja 80% örbylgjukraft.
4. Ýtið á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að staðfesta og skjárin sýnir „00:00“.
5. Snúðið „“ til að stilla eldunartímann þar til ofninn sýnir „7:00“.
6. Ýtið á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að byrja að elda.

Hraðeldun, möguleiki 1



Hraðeldun, möguleiki 2




Hraðeldun, möguleiki 1


1. Í biðstöðu, ýtið á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að hefja 30 sekúnda eldun með 100% krafti, ég hvert sinn sem ýtt er á þetta mun eldunartíminn lengjast um 30 sekúndur, allt að 95 mínútum.


Hraðeldun, möguleiki 2

1. Í biðstöðu, snúðið „“ til vinstri til að stilla örbylgjueldun í 95 mínútur með 100% örbylgjukrafti, eða snúðið „“ til hægri til að stilla örbylgjueldun í 5 sekúndur með 100% aflstigi.
 2. Ýtið á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ til að byrja að elda.
- Athugasemd:** Í örbylgjuofni, grilli, samsettri eldun, tímasettri affrystingu eða fjölaðstandi, þá eykst eldunartími um 30 sekúndur í hvert sinn sem ýtt er á „ Ræsa/+30 Sek/Staðfesta“ (Það er ógilt í þyngdaraffrystingu eða sjálfvirkri valmynd)









Upplýsingaaðgerð

1. Í eldunarstöðu, ýtið á „ **Tímastillir/Klukkan**“ til að spyrjast fyrir um tímann og tíminn mun birtast í 3 sekúndur.



Sjálfvirk valmynd

1. Beðið eftir bið, ýtið á „ **Sjálfvirk valmynd**“ einu sinni og „A01“ mun birtast. Ýtið á „ **Sjálfvirk valmynd**“ endurtekið eða snúið „“ til að velja valmyndina.
2. Ýtið á „ **Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að staðfesta.
3. Snúið „“ til að stilla þyngdina.
4. Ýtið á „ **Ræsa/+30 Sek/Staðfesta**“ til að byrja að elda.

Athugasemd: Fyrir sjálfvirka valmynd með aðeins 1 þyngdarstillingu mun hún byrja þegar valmyndin er valin og ýtið til að staðfesta.

Valmyndartafla:

VALMYND	ÞYNGD	ELDUNARTÍMI	KRAFTUR
A01 Frosin pizza	200 g	2'30"/6'00"	P100/Grill
	300 g	3'20"/6'00"	P100/Grill
	400 g	4'00"/6'00"	P100/Grill
A02 Kjöt	150 g	2'30"	P100
	300 g	4'00"	
	450 g	5'30"	
	600 g	6'30"	
A03 Fiskur	150 g	2'30"	P80
	250 g	3'00"	
	350 g	4'30"	
	450 g	5'00"	
	650 g	6'00"	
A04 Grænmeti	150 g	2'00"	P100
	350 g	3'30"	
	500 g	4'30"	
A05 Kartöflur án hýðis	400 g	5'30"	P100
A06 Kartöflur með hýði	1 skammtur (u.þ.b. 230 g)	5'30"	P100
	2 skammtar	8'00"	
	3 skammtar	10'00"	
A07 Ferskt spínat	200 g	2'30"	P100

VALMYND	ÞYNGD	ELDUNARTÍMI	KRAFTUR
A08 Frosnar grænar baunir	200 g	4'00"	P100
A09 Frosnar ertur	200 g	3'30"	P100
A10 Frosin blanda Grænmeti	200 g	3'30"	P100
A11 Frosið spergilkál	200 g	4'00"	P100
A12 Pasta	50 g (með köldu vatni 450 g)	18'00"	P80
	100 g (með köldu vatni 800 g)	21'00"	
	150 g (með köldu vatni 1200 g)	24'00"	
A13 Frosið lasagna	300 g	13'00"	C-1 (55% örbylgjuofn +45% grill)
A14 Kínóa	100 g	3'00"/10'00"	P100/P50
A15 Kúskús	200 g	3'00"/8'00"	P100/P50
A16 Makkarónupasta	100 g	6'00"	P80
A17 Brún hrísgrjón	200 g	5'00"/20'00"	P100/P50
A18 Haframjöl	2 skammtar	3'00"/3'00"	P100/P50
A19 Poppkorn	50 g	1'20"	P100
	100 g	1'55"	
A20 Drykkur	1 bolli (120 ml)	1'00"	P100
	2 bollar (240 ml)	1'40"	
	3 bollar (360 ml)	2'30"	
A21 Bræða smjör	230 g	1'10"	P100

5. Hvað á að gera ef...

Eðlilegt	
Örbylgjuofn truflar móttöku útvarpssendinga	Móttaka útvarps og sjónvarps gæti orðið fyrir truflunum þegar örbylgjuofn er í gangi. Þetta er svipað og truflun lítilla rafmagnstækja, eins og hrærivéla, ryksuga, rafmagnsvifta. Þetta er eðlilegt.
Ljós í ofni dofna	Þegar eldað er á sparnaðarkerfi gætu ljós í ofninum dofnað. Þetta er eðlilegt.
Gufa safnast á hurðinni, heitt loft úr loftopum.	Við matreiðslu getur gufa komið úr mat. Mest allt kemst út um loftop en einhver gufa getur safnast fyrir á köldum stað eins og á ofnhurð. Þetta er eðlilegt.
Ofninn fór óvart í gang án þess að matur væri í honum.	Það er bannað að láta ofninn vera í gangi án þess að matur sé inni í honum. Það er mjög hættulegt.

Vandamál	Möguleg orsök	Úrræði
Ofninn fer ekki í gang.	(1) Rafmagnssnúra ekki almennilega í sambandi.	Takið úr sambandi. Bíðið í 10 sekúndur og setjið aftur í samband.
	(2) Öryggi fer eða útslátarrofi slær út.	Skiptið um öryggi eða endurstillið útslátarrofa (fagfólk fyrirtækisins framkvæmir viðgerð)
	(3) Vandræði með innstungu.	Prófið innstungu með öðrum raftækjum.
Ofninn hitar ekki	Hurðin er ekki lokuð almennilega.	Lokið hurðinni vel.

6. Tæknileg gögn

Gerð:	MÁGEBO 105-570-55
Málspenna:	220-230 V~50 Hz
Málinnafl (Örbylgja):	1550 W
Málútafl (Örbylgja):	1000 W

Rúmtak Ofns:	34 L
Þvermál Snúningsdísks:	315 mm
Utánmál:	595x408x397 mm
Þyngd:	18.6 kg

7. Uppsetning og rafmagnstenging

1. Þetta tæki er aðeins ætlað til heimilisnotkunar.
2. Þetta er innbyggður ofn. Ekki er mælt með að ofninn sé notaður ofan á borði eða inni í skáp.
3. Vinsamlegast fylgdu sérleiðbeiningum um uppsetningu.
4. Hægt er að setja tækið upp í 60 cm breiðum veggskáp.
5. Tækinu fylgir kló sem aðeins má stinga í samband í jarðtengda innstungu.
6. Spenna frá veitufyrirtæki skal samsvara spennunni sem tilgreind er á merkisplaldinu.
7. Aðeins viðurkenndur rafvirki má tengja innstunguna og skipta um rafsnúru. Ef innstungan er ekki lengur aðgengileg eftir uppsetningu verður að vera til staðar sjálfvirkur straumrofi, þar sem bilið er 3 mm milli snertiflata.

8. Ekki má nota millistykki, fjöltengi eða framlengingarsnúrur. Yfirálag getur valdið eldhættu.
9. Tækið ætti ekki að setja upp neðar en í 85 cm hæð.



Ytra yfirborð getur verið heitt meðan á notkun stendur.

8. Umhverfismál



Samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins um rafrænan úrgang (WEEE), skal safna slíkum úrgangi og meðhöndla sérstaklega. Ef þú þarft að farga tækinu einhvern tímann í framtíðinni skaltu EKKI farga henni með heimilissorpi. Vinsamlegast sendu þessa vöru til móttökustöðva sem sjá um förgun á rafmagns- og rafeindabúnaði þar sem þær eru til staðar.

9. IKEA ábyrgð

Hversu lengi gildir IKEA ábyrgðin?

Þessi ábyrgð er gild í fimm (5) ár frá upphaflegum kaupdegi tækisins hjá IKEA. Krafist er upprunalegu sölukvittunarinnar sem sönnun fyrir kaupunum. Ef gert er við heimilistækni á meðan það er í ábyrgð framlengir það ekki ábyrgðartíma þess.

Hver sér um þjónustuna?

Hafið samband við verslun IKEA.

Hvað nær þessi ábyrgð yfir?

Ábyrgðin nær yfir bilanir á heimilistækni, sem orsakast af göllum í smíði þess eða efnivið frá þeim degi sem það var keypt hjá IKEA. Þessi ábyrgð gildir aðeins til heimilisnota. Undantekningarnar eru taldar upp undir fyrirsögninni „Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?“ Innan ábyrgðartímans nær ábyrgðin yfir kostnað af viðgerð vegna bilunar, t.d. viðgerðir, varahlutir, vinna og ferðalög, að því tilskildu að heimilistækni sé aðgengilegt til að gera við án sérstakra útgjalda. Varahlutirnir sem skipt er um verða eign IKEA.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandamálið?

IKEA mun skoða vöruna og ákveða, að eigin vild, hvort hún fellur undir þessa ábyrgð. Ef það er talið falla undir þá mun IKEA, að eigin vild, annaðhvort gera við gallaða vöru eða skipta um hana með sömu eða sambærilegri vöru.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

- Eðlilegt slit.
- Vísitandi eða vanrækslutjón, tjón af völdum þess að notkunarleiðbeiningum var ekki fylgt, röng uppsetning eða tenging við ranga spennu, tjón af völdum efna eða rafefnafræðilegra viðbragða, ryð, tæring eða vatnsskemmdir meðal en ekki takmarkað við tjón af völdum óhóflegs kalks í vatnsveitu, tjón af völdum óeðlilegra umhverfisaðstæðum.
- Einnota vörur eins og rafhlöður og perur.
- Óhagnýtir og skrauthlutir sem hafa ekki áhrif á eðlilega notkun á tækinu, þar á meðal alls konar rispur og mögulegur litamunur.
- Tilfallandi tjón af völdum aðskotahluta eða efna og þrifa eða hreinsun á síum, fráveitum eða sápuskúffum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: keramikgleri, fylgihlutir, leirtaus- og hnífaparakörfum, aðrennslis- og frárennslisrörum, þéttum, perum og peruhlífum, skjáum, hnöppum, hlífum og hluti af hlífum. Nema hægt sé að sanna að slíkt tjón sé tilkomið vegna framleiðslugalla.
- Viðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af skipuðum þjónustuaðila okkar og/eða viðurkenndum þjónustuaðila sem er samningsbundinn samstarfsaðili eða upprunalegir varahlutir hafa ekki verið notaðir.
- Viðgerðir af völdum gallaðrar uppsetningar eða sem er ekki í samræmi við tæknilyfningu.
- Notkun heimilistækisins í umhverfi sem er ekki heimili, þ.e. í atvinnuskyni.
- Skemmdir vegna flutninga. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, ber IKEA ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða í flutningum. Hins vegar, ef IKEA afhendir vöruna á heimilisfang viðskiptavinarins, þær skemmdir á vörunni sem á sér stað við þessu afhendingu fellur undir ábyrgðina.
- Kostnaður við að setja upp IKEA heimilistækni í fyrsta sinn. Hins vegar, ef þjónustuaðili skipaður af IKEA eða viðurkenndur þjónustuaðili gerir við eða skiptir um tæki samkvæmt skilmálum þessara ábyrgðar, munu þeir setja tæki upp sem er búið að gera við eða setja upp tæki sem er búið að skipta um, ef þörf krefur.

Hvernig lög landsins gilda

IKEA ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi, sem ná yfir eða fara fram úr öllum staðbundnum lagalegum kröfum. Hins vegar takmarka þessi skilyrði ekki á nokkurn hátt réttindi neytenda sem lýst er í staðarlögum

Gildissvæði

Fyrir tæki sem eru keypt í einu ESB landi og síðan flutt til annars ESB lands, er þjónustan sem veitt verður innan ramma eðlilegra ábyrgðarskilmála í nýja landinu. Skuldbinding til að framkvæma þjónustu í tengslum við ábyrgð er aðeins ef tækið uppfyllir og er sett upp í samræmi við:

- tæknikröfur landsins þar sem ábyrgðarkrafa er gerð;
- samsetningarleiðbeiningar og öryggisupplýsingar í notendahandbókinni.

ENDURSALA á IKEA tækjum

Hikið ekki við að hafa samband við IKEA á:

- leggja fram þjónustubeiðni samkvæmt þessari ábyrgð;
- biðja um skýringar á virkni IKEA tækisins.

Vinsamlegast lestu vandlega leiðbeiningum um samsetningu og/eða notendahandbókina áður en haft er samband við okkur til að tryggja að við bjóðum þér bestu aðstoð.

Hvernig á að ná í okkur ef þú þarft á þjónustu okkar að halda



Þjónustuborð IKEA mun aðstoða þig í síma með grunnbilanaleit á tækinu þínu þegar hringt er með fyrirsögn. Vinsamlegast skoðaðu IKEA vörulistann eða farðu á www.ikea.com til að finna símanúmer verslunarinnar og opnunartíma.

Vinsamlegast hafið einnig ávallt vörunúmer IKEA (8 stafa númer) sem er staðsett á matsplötunni á tækinu í því skyni að veita þér fljóttari þjónustu.

GEYMIÐ SÖLUKVITTUNINA!

Hún er sönnun fyrir kaupunum og hana þarf þegar krafist er um ábyrgð. Sölukvittunina sýnir einnig IKEA nafnið og númer hlutarins (8 stafa númer) fyrir hvert tæki sem þú hefur keypt.

Þarft þú meiri hjálp?

Vinsamlegast hafðu samband við þjónustuborð IKEA til að fá svör við spurningum sem tengjast ekki eftirsölu á tækinu þínu. Við mælum með að lesa bæklingana sem fylgja heimilistækinu áður að haft er samband við okkur.

Country	Phone Number	Call Fee	Opening Time (Mon-Fri)
Deutschland	08007242420	Kostenlos	8am - 5pm
France	0805543333	Gratuit	8.30 am – 7.00 pm (lun-ven) 8.30 am – 1.00 pm (sam)
United Kingdom	08009175827	free	9am till 5pm
Ireland		free	9am till 5pm
Italia	800130373	Gratuito	9am-6pm
España	900822398	Gratis	9am-6pm
Ελλάδα	0080044146128 (+30)21 6860020	Χωρίς χρέωση	9am-6pm
Nederland	Local(within NL): 050-7111267 International: +31 507111267	Gratis	Ma-Vr 8-20, Za 9-20
Sverige	0775700500	Kostnadsfritt	8.30 am - 8.00 pm (Mon-Fri) 9.30 am - 6.00pm (Sat-Sun)
Schweiz	0800110344	Kostenlos	8am - 5pm
Suisse		Gratuit	8am - 5pm
Svizzera		Gratuito	8am - 5pm
Österreich	0800909626	Kostenlos	9am-6pm
België	080080159	Gratis	9am-5pm
Belgique		Gratuit	9am-5pm
Luxembourg		Gratuit	9am-5pm
Danmark	70150909	Gratis	8.30 am – 8.00 pm (Mon-Fri) 9.30 am-6.00pm (Sat-Sun)
Norge	80031407	Gratis	9am-4pm
Polska	800012088	Bezpłatne	9am-5pm
Portugal	800210151	Gratuita	9am-6pm
Česká republika	800050717	Zdarma	9am-5pm
Suomi	0800302588	Maksuton	9am-4pm
Magyarország	0680984517	Ingyenes	9am-5pm
Australia	IKEA.com		
Latvia	(+371)67717065	Bezmaksas	9am-6pm
Estonia	(+372)6366525	Tasuta	9.00 – 18.00 (E-R)
Lithuania	(+370)67641956	Nemokamai	9.00 – 18.00 (Pr-Pn)
Slovenija	IKEA.com		
Slovensko	(+42)1415623915	Bezplatne	9.00 – 18.00 (pondelok – piatok)
България	IKEA.com		
Cyprus	IKEA.com		
Hrvatska	IKEA.com		
Ísland	IKEA.com		
România	800400660	Call Fee	9am - 5pm
Serbia	IKEA.com		

